

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

351. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 12.06.2015, kl.07:30.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar. Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri er fjarverandi. Gestur fundarins undir lið 1 er Sævar Kristinsson frá KPMG.

Tekið fyrir:

**1. Stefnumótun stjórnar**

Drög að stefnumótun stjórnar lögð fram og kynnt.

**2. Innri endurskoðun og innra eftirlit**

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar vegna innri endurskoðunar. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi um innri endurskoðun við PWC.

**3. Endurvinnslustöðin á Dalvegi í Kópavogi**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra vegna lóðarinnar að Dalvegi og viðræðna við eiganda lóðarinnar að Digranesvegi 81 um hugsanlega leigu á þeim hluta lóðarinnar sem endurvinnslustöðin stendur á. Samningar tókust ekki og er ljóst að SORPA þarf að hverfa af hluta lóðarinnar. Framkvæmdastjóra falið að eiga samráð við Kópavogsbæ um framhaldið.

**4. Aðgerðaráætlun í úrgangsmálum Reykjavíkurborgar – umsögn SORPU**

Stjórn samþykkir framlagða umsögn framkvæmdastjóra og býður fulltrúum Reykjavíkurborgar til viðræðna um málið.

**5. Þjónusta við grenndargáma**

Þjónustuaðilinn, Íslenska Gámafélagið, hefur hafnað framlengingu á þjónustusamningi um grenndargáma frá 1. september næstkomandi til 31. janúar 2016 þegar nýtt útboð tæki gildi. Framkvæmdastjóra falið að vinna að lausn með sem minnstri skerðingu á þjónustu.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 21. ágúst kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9:35

Fundarritari Bjarni Hjarðar

Bjarni Torfi

Jóna Sæmundsdóttir  
Björn H.

Hafsteinn Pálsson  
Halldór Auðar Svansson  
Sigríður B. Einarsdóttir